

## 1068. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. september 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Þór Guðmundsson, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkv.stj. og Ámi Leósson sem ritar fundargerð.

### Dagskrá:

Stefán Einar setti fund kl. 17:30

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár sagði Stefán Einar frá beiðni Ástu Rutar um leyfi frá stjórnarstörfum fram á vor 2012, vegna persónulegra ástæðna, en hann veitti henni slíkt leyfi og tekur Jóhanna S. Rúnarsdóttir, ritari stjórnar, við hennar sæti sem varaformaður á meðan.

Einnig fór Stefán Einar stuttlega yfir helstu niðurstöður Capacent könnunar um viðhorf til VR í spurningavakt þeirri sem hafði verið gerð að beiðni Óskars Kristjánssonar. Allt er þetta í áttina og er mun jákvæðara en áður hafði verið.

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

Umfjöllun um fundargerð fundar nr. 1066 var frestað en fundargerð fundar nr. 1067 var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Framhald á þátttöku í verkefninu Ungir frumkvöðlar

Stefán Einar lagði fram skjalið „Fjárhagsáætlun Ungra Frumkvöðla 2011 – 2012“ og fjallaði um efni þess. Í máli Stefáns Einars kom fram að VR hafi komið að þessu verkefni í áraraðir með 250 þús. kr. fjárstyrk á ári. Styrktaraðilum hefur fækkað mjög eftir hrun en þeir stefna að því að ná inn 6 aðilum nú og fulltrúar frá þeim munu mynda verkefnisstjórn um verkefnið.

Samþykkt að styrkja þetta áfram með því skilyrði að við fáum framvinduskýrslu og að Sigríður Stefánsdóttir sé okkar fulltrúi í stjórn til næsta starfsárs.

#### 3. Ályktun vegna kjarasamninga

Stefán Einar ræddi um trúnaðarráðsfundinn sem haldinn verður annað kvöld og blaðamannafundinn á föstudag. Kom fram að IKEA, Hagar, Hagkaup, Iceland Express ætla að vera með í 10% herferðinni og verður spennandi að sjá hvernig það fer. Ályktun frá stjórn um jafnréttismál verður lögð fram á blaðamannafundinum og því réttast að senda frekar frá okkur ályktunina um kjarasamninginn síðar svo það drekki ekki hvert öðru. Kannski væri réttast að kynna hana rétt fyrir setningu Alþingis. Stefán lagði fram skjalið „Ályktun – drög – Útrýmum launamun kynjanna“

og var næst farið yfir efni þess. Eftir nokkrar breytingar var ályktunin samþykkt og hljómar hún nú þannig:

**„Útrýmum launamun kynjanna  
VR skorar á atvinnulífð**

*Launakönnun VR fyrir árið 2011 sýnir að kynbundinn launamunur karla og kvenna innan félagsins er ennþá rúmlega 10% og hefur lítið breyst undanfarin ár. Þrátt fyrir áratuga baráttu, ályktanir í kjarasamningum og lagasetningar er jafnrétti á vinnumarkaði enn utan seilingar. Konur eru ennþá með lægri laun en karlar fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.*

*Að mati stjórnar VR er það óásættanlegt. Kynbundinn launamunur er brot á mannréttindum og hefur mikil og varanleg áhrif á hag heimilanna og framtíð barna okkar. VR skorar á fyrirtækin í landinu að taka virkan þátt í jafnréttisbaráttunni og greiða konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu. Saman getum við rétt hlut kvenna.*

*Stjórn VR, 16. september 2011”*

**4. Leikskólamála**

Helga dreifði skjalinu „*Minnisblað – hugmynd að smábarnaleikskóla VR*“ – dags. 14.09 2011 - og fór hún yfir innihald þess og það sem hafði gerst síðan málið var síðast rætt. Spurningin sé sú hvernig VR eigi að brúa fjárhagsbilið milli þess sem foreldrar greiða og sveitarfélögin niðurgreiða. Hvort VR eigi að leysa það eða við fáum fyrirtækin með okkur í það. Kom fram að bara það að reisa skólann myndi kosta 225 milljónir kr.

Umræður urðu um málið og töldu fundarmenn málefnið áhugavert. Ákveðið að Helga skoði þetta áfram, m.a. rekstrarkostnað og annað.

**5. Fyrirtæki ársins 2012**

Eyrún dreifði skjalinu „*Gerum betur að ári*“ – dags. 14. september 2011 og fór yfir efni þess. Taldi hún áhugavert að bjóða sigurvegurum samkeppninnar að halda námskeið eða fræðsluerindi fyrir stjórnendur þeirra fyrirtækja sem lenda neðar en 10. sæti.

Umræður urðu um málið og fékk þetta góðar undirtektir.

Samþykkt að vísa málinu til nánari útfærslu til samskipta- og þróunarsviðs VR.

**6. Þróun fæðingarorlofs**

Helga dreifði skjalinu „*Minnisblað*“ – dags. 14.09 2011 – er fjallaði um áætlaðan kostnað VR vegna mögulegrar aðkomu að frekari greiðslu til félagsmanna í fæðingarorlofi. Fór Helga yfir helstu tölur og kom fram að það myndi kosta um 40-55 milljónir kr. á ári ef VR greiddi þau 20% sem á vantar eða 50 – 109 milljónir kr. á ári ef mismunurinn er greiddur milli fæðingarorlofs og meðallauna.

Umræður.

Stefán tók fram að hann hygðist rita blaðagrein um stöðu þessara mála.

**7. Fjármálalæsi VR-félagsmanna**

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Fjármálalæsi félagsmanna VR – tillaga að samstarfsverkefni*“ og fór yfir efni þess. Um er að ræða möguleika þess að VR fari í samstarf við Stofnun um fjármálalæsi vegna 6-8 vikna diplómanáms og að fyrirtækin tækju þátt í þessu. Þetta væri þannig að þátttakendur fengju peningalega umbun fyrir

Þátttöku. Þróunarkostnaður þessa verkefnis með öllu talið er um 9 milljónir kr. og VR kæmi inn með 4 milljóna kr. framlag og þá jafnvel í samstarfi við starfsmenntasjóðina þannig að upphæðin gæti orðið nokkuð lægri. Að mati Stefáns væri þetta vænlegt ef fleiri stór fyrirtæki tækju þátt í þessu og óskaði hann eftir umboði stjórnar til þess að hanna samstarfssamning við þá sem kæmi svo til umræðu og samþykkis í stjórn síðar. Samþykkt.

Umræður urðu nokkrar og fékk málefnið jákvæðar undirtektir og kom Bigir Már fram með þá viðbótarhugmynd að myndbönd yrðu sett á vefinn þar sem félagsmönnum væri kennt m.a. að lesa launaseðla ofl.

#### 8. **Rannsóknarsetur verslunarinnar**

Stefán Einar ræddi um Rannsóknarsetur verslunarinnar að Bifröst, sem er leiðandi aðili á Íslandi í rannsóknum og tölfræðivinnslu fyrir verslun og tengdar atvinnugreinar. Hefur VR verið þátttakandi í þessu verki á síðustu árum og formaður VR verið með stjórnseturétt. Við höfum lagt þeim lið með 2.5 milljón kr. framlagi á ári undanfarin ár. Stefán Einar hefur hug á því að halda því áfram og að það verði bundið til 2 ára en háð því skilyrði að aðrir styrktaraðilar borgi það sama. Mun hann senda stjórnarmönnum gögn um málið og samstarfssamning, og svo fáum við kynningu á starfinu og ákveðum framhaldið eftir það.

#### 9. **Nýir trúnaðarmenn:**

a. Guðný Kjartansdóttir	–	Sólhöfn
b. María Hafsteinsdóttir	–	Sólhöfn
c. Pálmi Pálmason – Kaupás	–	Krónan
d. Álfheiður Vilhjálmsdóttir	–	Poulsen
e. Guðrún Jónsdóttir	–	Iceland Travel Mart
f. Guðrún Jóhannsdóttir	–	Íslenskir fjallaleiðsögumenn

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:40

Árni Leósson, fundarritari